

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 13. nóvember 2009 í máli nr. S-797/2009:

Ákærvaldið

(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir fulltrúi)

gegn

Janusz Birkos

(Kristján Stefánsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 6. nóvember sl., er höfðað með ákæru útgefinni af ríkissaksóknara 14. ágúst 2009 á hendur Janusz Birkos, kennitala 000000-0000, Stórholti 23, Reykjavík, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 7. september 2008, á skemmtistaðnum Nasa, Austurvelli, Reykjavík, slegið Sigþór Magnússon í höfuðið með glerflösku, með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð ofan við hársvarðarlínu vinstra megin, sem sauma þurfti með sex sporum.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu Sigþórs Magnússonar, kennitala 000000-0000, er krafist miskabóta, greiðslu útlagðs kostnaðar og lögmanskostnaðar, samtals að fjárhæð 658.500 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá tjónsdegi til þess dags er mánuður er liðinn frá dagsetningu bótakröfu og dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 6. gr. vaxtalaga. Auk þess er gerður áskilnaður um rétt til þess að koma að frekari kröfum um bætur samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af ákæru, en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa. Þá er þess krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi, en til vara að sýknað verði af bótakröfu. Loks krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málsatvik

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá aðfaranótt sunnudagsins 7. september 2008, sem miðar við tilkynningu til lögreglu klukkan 5:00, var óskað eftir lögreglu að skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll, vegna slagsmála. Þegar lögreglumenn komu á vettvang sáu þeir hvar dyraverðir héldu ákærða niðri utan við skemmtistaðinn. Var ákærði blóðugur í framan og mjög æstur. Sigþór Magnússon gaf sig á tal við lögreglumenn á vettvangi. Hann var með skurð á enni og nokkuð blóðugur. Sagðist Sigþór hafa verið inni á Nasa að skemmta sér þegar hann hefði séð hvar ákærði var sleginn í höfuðið með flösku. Hefði hann „farið á milli“ til þess að stilla til friðar, en þá hefði ákærði tekið tvær flöskur og slegið hann með þeim báðum. Hefðu dyraverðir komið og skakkað leikinn. Rætt var við Hafþór Örn Jónsson sem sagðist hafa séð slagsmál milli tveggja manna sem hann taldi vera Pólverja. Hefði annar mannanna slegið ákærða í höfuðið með flösku og ákærði fallið við það í gólfið. Hefði ákærði risið upp með tvær flöskur, sína í hvorri hendinni, og slegið Sigþór í höfuðið, en Sigþór hefði ætlað að ganga á milli manna. Aron Þór Sigurðsson, dyravörður á skemmtistaðnum, lýsti atvikum með svipuðum hætti og Hafþór. Ákærði var fluttur á slysadeild til aðhlyningar. Sagðist hann hafa verið sleginn með flösku í höfuðið. Samkvæmt skýrslum lögreglu reyndust aðrir sem rætt var við á vettvangi ekki hafa verið vitni að atvikum.

Föstudaginn 26. september 2008 mætti Sigþór Magnússon á lögreglustöð og lagði fram kæru vegna líkamsárásar sem hann hefði orðið fyrir í umrætt sinn. Sagðist hann hafa verið að skemmta sér á Nasa og verið á dansgólfinu þegar hann hefði séð mann sleginn þar í höfuðið með glerflösku. Hefði sá sem sleginn var vikið sér frá í augnablik, en snúið til baka með tvær bjórflöskur úr gleri, sína í hvorri hendinni. Hefði hann greinilega ætlað að ráðast á þann sem hafði slegið hann áður. Sigþór sagðist hafa ætlað að stilla til friðar, en maðurinn hefði þá slegið hann í höfuðið með annarri flöskunni. Hefðu dyraverðir fjarlæggt manninn í framhaldi af þessu. Sagðist Sigþór hafa heyrt að maðurinn talaði pólsku. Hefði þetta verið sá maður sem lögregla hafði afskipti af og var fluttur af vettvangi í sjúkrahúsið.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 5. febrúar 2009. Sagðist hann hafa verið sleginn í höfuðið með flösku fyrir utan skemmtistaðinn. Hefði hann vankast við þetta og myndi ekki hvað gerðist í kjölfarið. Hann vissi ekki hver hefði slegið hann og myndi ekki eftir því að hafa sjálfur beitt glerflösku gagnvart einhverjum. Hann hefði þó heyrt það frá félaganum sínum að hann hefði slegið einhvern með flösku og hefði hann því ekki kært til lögreglu líkamsárásina sem hann hefði orðið fyrir í umrætt sinn.

Meðal rannsóknargagna málsins er læknisvottorð Steingerðar A. Gunnarsdóttur, sérfræðings á slysa- og bráðadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, dagsett 6. nóvember 2008, þar sem kemur fram að Sigþór Magnússon hafi leitað á slysadeild um klukkan 5:30 að morgni 7. september 2008. Hefði hann sagst hafa verið vitni að slagsmálum á skemmtistaðnum Nasa og reynt að stilla til friðar, en þá verið sleginn með flösku sem brotnaði. Hann hefði verið með skurð á höfði vinstra megin við miðlínu, rétt ofan við hársvarðarlínu. Hefðu verið hreinsuð sex glerbrot úr sárinu og það saumað með sex sporum.

Þá liggur fyrir annað læknisvottorð Steingerðar A. Gunnarsdóttur, dagsett 5. nóvember 2009, vegna ákærða. Kemur fram að ákærði hafi komið á slysa- og

bráðadeild þann 7. september 2009 (svo) um klukkan 5:30. Hefði hann sagst hafa verið sleginn með glasi í höfuðið utan við skemmtistaðinn Nasa og hefði hann verið einn á móti fimm árásmönnum. Hann hefði verið með 5 sentímetra langan skurð framan á enninu og 1 sentímetra langt sár á fingri. Hefði sárið á enninu verið saumað með níu sporum, en sárið á fingri með tveimur sporum.

Einnig liggur fyrir vottorð Stefáns Halls Jónssonar tannlæknis, dagsett 5. október 2009, þar sem kemur fram að þann dag hafi hann skoðað ákærða og hefði verið brotið úr annarri miðframtönn og greinilegar sprungur í glerungi hinnar.

Við aðalmeðferð málsins greindi ákærði svo frá að hann myndi eftir því að hafa verið utan við skemmtistaðinn í umrætt sinn og að þar hefði verið hópur fólks. Næst myndi hann eftir sér þegar hann rankaði við sér í sjúkrabifreið. Hann hefði ekki verið verulega ölvaður þegar þetta var. Hann sagðist ekki hafa lent í útistöðum inni á skemmtistaðnum. Spurður um það sem haft var eftir honum í lögregluskýrslu að hann hefði verið sleginn í höfuðið með glerflösku utan við skemmtistaðinn sagðist ákærði ekki muna eftir þessu og útilokaði ekki að hann hefði haft þessa lýsingu eftir einhverjum öðrum. Þá sagðist ákærði hafa heyrt það hjá einhverjum að hann hefði verið sleginn með flösku og svarað fyrir sig með því að slá til baka með glerflösku. Hann myndi ekki eftir þessu sjálfur.

Sigþór Magnússon sagðist hafa verið á dansgólfinu og séð hvar ákærði lá á gólfinu. Hefði ákærði risið upp með tvær glerflöskur í höndum og slegið hann í höfuðið með annarri þeirra. Hefði hann þá tekið ákærða tókum og haldið honum í gólfinu þar til dyraverðir komu og færðu hann út úr danssalnum. Sigþór sagðist ekki muna eftir að hafa séð ákærða sleginn með flösku áður en þetta gerðist. Þá kannaðist hann ekki við að hafa ætlað að stilla til friðar á milli manna sem voru í átökum.

Hafþór Örn Jónsson sagðist hafa staðið á palli í salnum þegar hann sá hvar rýskingar upphófust á milli manna skammt frá honum. Hefði ákærði átt þar í hlut og hefði hann verið sleginn með flösku í höfuðið. Brotapoli hefði þá komið að og sýndist honum sem hann hefði verið að athuga líðan ákærða, sem hefði beygt sig niður á hnén og grúft andlit í höndum sér. Hefði ákærði þá risið upp og haft tvær flöskur í höndum, sem vitnið minnti að ákærði hefði tekið upp af gólfinu. Hefði hann slegið brotapola með annarri flöskunni og reynt að slá hann með hinni. Dyravörður hefði komið aðvífandi og reynt að halda ákærða frá brotapola. Hefðu fleiri dyraverðir komið að og dregið ákærða í burtu, en hann hefði veitt mikla mótspyrnu. Ákærði hefði verið í átökum við einhverja menn áður en þetta gerðist, en brotapoli hefði ekki verið þar á meðal. Sýndist vitninu sem verið væri að ráðast að ákærða. Þetta hefði gerst í þvögu og hann ekki séð upptök átakanna, en einhverjar hrindingar hefðu átt sér stað og síðan hefði ákærði verið sleginn í höfuðið.

Aron Þór Sigurðsson sagðist hafa verið að vinna sem dyravörður þetta kvöld. Hefði hann séð hvar tveir menn voru að slást. Hefði hann þrifið annan þeirra ofan af hinum, en sá sem hafði verið undir hefði viljað halda slagsmálunum áfram. Hann hefði verið dreginn út úr húsinu og hefðu fleiri dyraverðir komið að því. Hefði mannum verið haldið þar til lögregla kom á vettvang og leiddi hann á brott. Báðir mennirnir hefðu verið með skurð á höfði og hefði blætt mikið.

Vitnið *Hallgrímur Hallgrímsson* lögreglumaður kom fyrir dóminn og staðfesti frumskýrslu sem hann ritaði um málið. Þá komu vitnin *Steingerður A. Gunnarsdóttir* og *Stefán Hallur Jónsson* fyrir dóminn og staðfestu læknisvottorð sín. Ekki er ástæða til að rekja framburð vitnanna.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök og segist ekki muna eftir því að hafa slegið Sigþór Magnússon eins og lýst er í ákæru. Sagðist ákærði hafa heyrt það hjá öðrum að hann hefði verið sleginn með flösku inni á skemmtistaðnum og svarað fyrir sig með því að slá til baka með glerflösku, en hann myndi ekki eftir þessu sjálfur.

Sigþór Magnússon hefur borið að ákærði hafi risið upp frá gólfinu með tvær glerflöskur í höndum og slegið hann í höfuðið með annarri flöskunni. Hafi hann tekið ákærða tökum og haldið honum uns dyraverði bar að sem færðu ákærða í burtu. Hafþór Örn Jónsson lýsti atvikum að þessu leyti með sama hætti og Sigþór. Sagðist hann hafa séð að ákærði átti í ryskingum við einhverja menn áður en þetta gerðist. Hefði ákærði verið sleginn í höfuðið með flösku og fallið við það í gólfið. Aron Þór Sigurðsson, sem var við dyravörslu þetta kvöld, sagðist hafa komið að þar sem tveir menn voru að slást og lágu í gólfinu. Hefði sá sem var undir viljað halda slagsmálum áfram, en dyraverðir dregið hann út úr húsinu þar sem honum var haldið uns lögregla kom á vettvang. Með framburði framangreindra vitna verður að telja sannað að ákærði hafi slegið Sigþór Magnússon í höfuðið með glerflösku eins og í ákæru greinir, með þeim afleiðingum sem í ákæru getur og lýst er í áverkavottorði. Í ljósi þess að ákærði beitti glerflösku sem vopni var árásin sérstaklega hættuleg. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Refsing, skaðabætur og sakarkostnaður

Ákærði er fæddur í ágúst 1980 og hefur hann ekki sætt refsingu svo að vitað sé. Með hliðsjón af sakarefni málsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Sigþór Magnússon hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 658.500 krónur með virðisaukaskatti auk vaxta. Er krafan sundurliðuð þannig:

| | |
|---|---------|
| 1. Miskabætur | 500.000 |
| krónur | |
| 2. Útlagður kostnaður | 9.100 |
| krónur | |
| 3. Málskostnaður vegna lögmanns að viðbættum virðisaukaskatti | 149.400 |
| krónur | |

Sigþór Magnússon hlaut talsverða áverka af atlögu ákærða eins og lýst er í læknisvottorði. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 200.000 krónur. Krafa um útlagðan kostnað vegna læknismeðferðar er studd viðhlítandi gögnum og verður dæmd eins og hún er fram sett. Þá á brotaþoli rétt á bótum vegna kostnaðar við að halda fram bótakröfu sinni svo sem krafist er. Verður ákærði dæmdur til að greiða Sigþóri Magnússyni skaðabætur að fjárhæð 358.500 krónur sem beri vexti sem í dómsorði greinir.

Dæma ber ákærða til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 65.200 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir, fulltrúi ríkissaksóknara.

Ragnheiður Harðardóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Janusz Birkos, sæti fangelsi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Sigþóri Magnússyni skaðabætur að fjárhæð 358.500 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. september 2008 til 16. október 2009, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 242.500 krónur í sakarkostnað, þar með talið málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir